



Fjölís

**SKÝRSLA STJÓRNAR –  
GAGNSÆISSKÝRSLA 2023 - 2024**

# YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR MAÍ 2023-JÚLÍ 2024

Á aðalfundi Fjölís þann 19.04.2023 var ný stjórn kosin fyrir samtökin.

## Aðalstjórn skv. tilnefningu aðildarfélaga er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson formaður sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. FÍBÚT  
Ragnar Th. Sigurðsson varaformaður sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. Myndstefs  
Jón Yngvi Jóhannsson sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. Hagþenkis  
Sindri Freysson sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. RSÍ  
Páll Ragnar Pálsson sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. STEF  
Hjálmar Jónsson sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. Bláamannafélags Íslands  
Gylfi Garðarsson sem er einnig varamaður í fulltrúaráði, f.h. Sítóns

## Fulltrúaráð skv. tilnefningu aðildarsamtaka er þannig skipað:

Heiðar Ingi Svansson og varamaður í stjórn f.h. FÍBÚT  
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og varamaður í stjórn, f.h. Myndstefs  
Friðbjörg Ingimarsdóttir og varamaður í stjórn f.h. Hagþenkis  
Ragnheiður Tryggvadóttir og varamaður í stjórn, f.h. RSÍ  
Guðrún Björk Bjarnadóttir og varamaður í stjórn f.h. STEFS  
Arndís Þorgeirsdóttir og varamaður í stjórn f.h. Bláamannafélags Íslands  
Björgvin Þ. Valdimarsson og varamaður í stjórn f.h. Sítóns

Framkvæmdastjóri félagsins Helga Sigrún Harðardóttir lét af störfum í maí 2023. Helga Sigrún hafði starfað sem framkvæmdastjóri Fjölís um langt skeið og unnið mikið og árangursríkt starf fyrir samtökin. Brotthvarf hennar í maí 2023 setti mark á starfsárið enda framkvæmdastjóri á hverjum tíma sá aðili sem annast allan daglegan rekstur félagsins og heldur á öllum þráðum daglegs rekstrar. Formaður sinni störfum framkvæmdastjóra frá starfslokum Helgu til áramóta 2023/2024. Ráðinn hefur verið nýr framkvæmdastjóri er Guðbjörg Benjámínsdóttir, sem hóf störf 01.05.2024.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd réttihafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra. Samþykktum var síðast breytt á aðalfundi 2023.

Stjórnarhættir Fjölís eru þannig að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra aðildarfélaga. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur félagsins í samráði við og undir eftirliti stjórnarformanns og skv. samþykktum félagsins. Stjórnarfundir eru haldnir skv. ákvörðun stjórnar og eða tillögu framkvæmdastjóra. Miðað er við að formlegir bókaðir fundir séu að minnsta kosti fjórir.

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli félagsins og framkvæmdastjóra sem stjórnanda og eina starfsmanns félagsins og eða stjórnarformanns sem tekur þátt í reglubundinni starfsemi félagsins. Hvorki formaður eða framkvæmdastjórar hafa fengið réttindagreiðslu frá félaginu né aðilar/réttihafar sem eru þeim tengdir.

## Samningar og meðferð fjármuna.

Fjölís veitir samningskvaðaleyfi skv. samningum, innheimtir tekjur vegna þeirra og úthlutar aðildarsamtökum sínum og erlendum réttihöfum að frádregnum 12% til hefðbundins rekstrar, s.s. launakostnaðar, skrifstofurekstrar, fundahalda, viðhalds á heimasíðu o.þ.h.

Það er í samræmi við almenna stefnu um réttindagreiðslu til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra vegna annars en umsýslukostnaðar en stefnuna má finna á vef félagsins. Framkvæmdastjóra eða formanni er heimilt til að gera tillögur til hækkunar eða lækkunar á þessu hlutfalli ef ástæða er talin til. Ekki er um annars konar frádrátt frá tekjum að ræða, s.s. vegna félagslegrar, menningartengdrar eða menntunartengdrar þjónustu. Í árslok eða þegar ástæða er talin til er umfram fjármunum (það er ef rekstarkostnaður er lægri en það sem er haldið eftir) úthlutað til aðildarfélaganna enda liggur fyrir að tilgangur samtakanna er ekki sá að safna fjármunum umfram lögbundinn varasjóð. Enginn annar rekstur er á vegum félagsins og engar aðrar einingar tengjast rekstri félagsins.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar Fjölís og vegna eðlis hins kollektífa fyrirkomulags, stendur félagið ekki fyrir úthlutun til réttihafa sjálfra, heldur renna fjármunir sem tilheyra persónugreinanlegum réttihöfum til aðildarfélaganna, sem sjá sjálf um að úthluta þeim í samræmi við 15. gr. laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og almenna stefnu um réttindagreiðslur til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti, aðra en vegna umsýslukostnaðar.

Þar sem fjármunum er almennt úthlutað samhliða innheimtu þeirra er ekki um neins konar fjárfestingar að ræða eða arð af þeim fjárfestingum. Ekki hefur því verið sett fjárfestingarstefna og þá er ekki um neinar óráðstafanlegar fjárhæðir að ræða í því kollektífa kerfi sem Fjölís hefur verið búið.

Skv. umsýslulögum ber sameiginlegri umsýslustofnun að setja sér áhættustýringarstefnu vegna meðferðar fjármuna. Fyrirkomulagið á rekstri Fjölís felur þó ekki í sér neins konar áhættu við fjárfestingar þar sem þær eru ekki fyrir hendi. Öllum fjármunum, að rekstrargjöldum frátöldum er úthlutað til aðildarfélaganna án ástæðulauss dráttar. Áhættan er einkum rekstraráhætta, þ.e. vegna möguleika á uppsögn samninga. Samningar félagsins endurnýja sig allir sjálfkrafa, sé þeim ekki sagt upp, að samningum við ríkið frátöldum. Það hefur vissulega krafist talsverðrar vinnu og mun krefjast talsverðar vinnu að endurnýja þá samninga sem gera þarf með reglubundnum hætti vegna laga um opinber innkaup og dæmi er um að verulegar tafir hafi orðið á endurnýjun þeirra vegna tregðu af hálfu ríkisins og þar með hafa greiðslur einnig tafist. Það er þó ekkert sem bendir til þess að eiginleg áhætta sé fyrir hendi enda er það kerfi, sem sameiginlegri umsýslu höfundaréttar er búið, tryggt, gagnsætt og í samræmi við það regluverk sem réttihöfum er búið á norðurlöndunum og reyndar víðast hvar í heiminum.

#### **Fjárhagsleg upplýsingagjöf.**

Ársreikningur, endurskoðaður af KPMG, er hluti af þessari skýrslu.

Skv. ákvörðun stjórnar Fjölís og vegna eðlis hins kollektífa fyrirkomulags sem Fjölís er búið, stendur félagið ekki fyrir úthlutun til réttihafa sjálfra, heldur renna fjármunir til aðildarfélaganna sem sjá sjálf um að úthluta þeim í samræmi við 15. gr. laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og almenna stefnu um réttindagreiðslur til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar. Með viðurkenningu Fjölís verða gerðar auknar gagnsæisskýrslur til aðildarsamtakanna skv. 23. gr. umsýslulaganna og mun félagið birta gagnsæisskýrslur þeirra á vef sínum til framtíðar.

Í þessari gagnsæisskýrslu sem rituð er til að uppfylla kröfur 23. og 24. gr. umsýslulaganna nr. 88/2019 má finna fjárhagsupplýsingar þær sem ber að birta skv. viðauka laganna auk endurskoðaðs ársreiknings sem samþykktur hefur verið á aðalfundi félagsins ásamt þessari skýrslu.

Hér eru tekjur sundurliðaðar eftir tegundum samninga og grein gerð fyrir fjárhæðum til úthlutunar til einstakra aðildarfélaga og systursamtaka auk tímasetninga. Hér eru gjöld einnig sundurliðuð eftir tegundum útgjalda sem og samanburður við síðasta ár.

Í kafla 1 má finna upplýsingar um helstu viðfangsefni ársins. Í kafla 2 má finna upplýsingar um tekjur félagsins og gjöld. Í kafla 3 er að finna upplýsingar um úthlutanir fjármuna að frádregnum umsýslukostnaði. Í kafla 4 er að finna yfirlit yfir stöðu samningamála. Í kafla 5 er að finna yfirlit yfir stöðu samninga og í kafla 6 er yfirlit yfir verkefni framundan

## 1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 19. apríl 2023 hafa verið haldnir fjórir hefðbundnir stjórnarfundur. Tíðni funda ræðst af verkefnum skv. ákvörðun stjórnar. Þá liggur fyrir að veruleg samskipti eru með tölvupósti milli stjórnarfundu og upplýsingum sem máli skipta er miðlað til stjórnarmanna eins og ástæða er til hverju sinni. Framlag stjórnarmanna í starfsemi Fjölís á yfirstandandi ári telst verulegt.

Verkefni starfsársins fólust í hefðbundinni innheimtu og úthlutun en auk þess annaðist félagið að halda sem gestgjafi aðalfund IFRRO, en IFRRO eru alþjóðasamtök sameiginlegra innheimtusamtaka sem eru sambærileg Fjölís. Fjölís hefur átt aðild að IFRRO frá stofnun samtakanna. Aðalfundurinn var haldinn í október 2023 en um fjögurra daga fund var að ræða sem sóttur var af um tvö hundruð einstaklingum. Fjölís annaðist skipulag fundarins sem var haldinn á Hótel Reykjavík Natura og skipulagningu hátíðarkvöldverðar sem haldinn var á Parliament Hotel við Austurvöll. Fyrir utan almenna skipulagningu, bókanir á aðstöðu og umsjón og stuðning við starfsmenn IFRRO var hlutverk Fjölís vegna aðalfundarins meðal annars þetta; Stjórn IFRRO og starfsmönnum þess var boðið til kvöldverðar á heimili formanns Fjölís, Fjölís milligekk að halda kokteil á Kjarvalstöðum þar sem ráðstefnugestir voru boðnir velkomnir. Fjölís milligekk að fá Forseta Íslands Guðna Th. Jóhannesson til að ávarpa gesti við setningu aðalfundar og Fjölís milligekk að fá Mennta og viðskiptaráðherra Lilja Alfreðsdóttir til að ávarpa gesti ráðstefnunnar í kokteil sem haldinn var á Kjarvalstöðum. Kostnaður Fjölís af ráðstefnu var óverulegur. Ánægja var með skipulagningu fundarins sem gekk vel sem og með ávörp forseta og ráðherra.

Stjórnarformaður Fjölís sótti fund Evrópuhóps IFRRO í maí 2023 og formaður og framkvæmdstjóri sóttu fund Evrópuhóps IFRRO í maí 2024 en um fyrsta fund nýráðins framkvæmdastjóra var að ræða. Ákveðið var að sækja ekki norrænan fund systursamtaka árin 2023 og 2024. Kom þar til að þessir fundir fóru saman við IFRRO fundi sem sóttir voru og vegna breytinga á framkvæmdastjórn félagsins sem hafði í för með sér ákveðna röskun í starfi félagsins auk þess sem starfið var töluvert umfangsmeira en venjulega vegna hinnar erlendu ráðstefnu sem haldin var.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra hefur frá árinu 2017 verið 30% en formaður sinni starfi framkvæmdastjóra frá starfslokum Helgu Sigrúnar Harðardóttur til áramóta eins og fyrr greinir. Nýr framkvæmdastjóri er Guðbjörg Benjamínsdóttir hrl. og hóf hún störf í sama starfshlutfalli og fráfarandi framkvæmdastjóri var með 30% starfshlutfall sem kann að þurfa að endurskoða.

Tekjur jukust um 8% milli ára. Tekjur félagsins nema um 450 kr. á hvern íbúa á Íslandi sé miðað við um 380.000 íbúa.

## 2 TEKJUR OG GJÖLD

### 2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjöliss. Hann nær til endurgjalds fyrir afritun í öllu skólakerfinu þ.m.t. einkaskólum, tónlistarskólum og háskólum. Innheimtar tekjur ársins 2023 voru sem hér segir

	2023	2022
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	<b>142.300.000</b>	<b>128.700.000</b>
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	<b>11.500.000</b>	<b>11.000.000</b>
<i>Sveitarfélög</i>	<b>12.662.170</b>	<b>11.037.066</b>
<i>Kirkjuráð</i>	<b>911.766</b>	<b>911.766</b>
<i>Kórar</i>	<b>2.146.843</b>	<b>2.775.100</b>
<i>Erlend fjölföldun</i>	<b>1.376.211</b>	<b>1.893.010</b>
<b>Samtals tekjur vegna samninga</b>	<b>170.896.990</b>	<b>156.519.586</b>

Aðrar tekjur 1.585.481

Vaxtatekjur og gengismunur 2.560.263 792.465

Vaxtagjöld - 5.715 -12.908

2.554.548 2.377.946


**Samtals tekjur vegna samninga 2021** **173.451.538** **158.884.626**

### 2.2 GJÖLD

	2023	2022
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<b>5.516.593</b>	<b>5.721.352</b>
<i>Stjórnarlaun</i>	<b>3.759.256</b>	<b>4.613.311</b>
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	<b>3.307.181</b>	<b>6.909.293</b>
<i>Varúðarniðurfærsla krafna/afskriftir</i>	<b>0</b>	<b>261.000</b>
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>12.583.030</b>	<b>17.504.956</b>

Rekstrarkostnaður nam á árinu 2023 um 7,25 af heildartekjum félagsins og hefur lækkað úr 17,8% frá árinu 2015 og hefur ekki verið lægri sem hlutfall af tekjum.

## Rekstrarkostnaður Fjölís



■ Laun og launatengd gjöld ■ Stjórnarlaun ■ Annar rekstrarkostnaður

### 3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTAFASAMTAKA

Yfirlit yfir úthlutanir í kafla 3 tekur mið af innheimtu og úthlutun samningstekna vegna tekna sem tilheyra samningum og notkun ársins 2023. Í því felst að munur getur verið á yfirliti í þessari skýrslu og úthlutun í endurskoðuðum ársreikningi þar sem í einstökum tilvikum getur verið um að ræða að samningar eru gerðir afturvirkir og greiðslur þar með eða ef greiðslur og þar með talin úthlutun fara fram eftir áramót eða ef innkomnum tekjum hefur ekki verið úthlutað þegar bókhaldsári lýkur. Skv. ákvörðun stjórnar heldur Fjölís effir 12% af tekjum til að standa undir rekstrarkostnaði. Ekki er um annan frádrátt að ræða. Safnist fjármunir upp kemur til viðbótarúthlutunar. Ekki var um viðbótarúthlutun að ræða á árinu 2023 en væta má nokkurar viðbótarúthlutunar á yfirstandandi ári.

#### 3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 142.300.000 kr. Í maí 2023 var 103.204.765 kr. úthlutað til innlendra réttahafa. Erlend úthlutun að fjárhæð 22.019.235 kr. fór fram í ársbyrjun 2024 eða samtals 125.224.000 kr. Úthlutun var effirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga Fjölís um skiptingu greiðslna:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>Hlutdeild mismunandi effir skólastigum</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttahafar</b>		22.019.235
<b>FÍBÚT</b>		22.922.560
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>		3.440.316
<b>Hagþenkir</b>		35.255.921
<b>Myndstef</b>		22.761.965
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>		10.320.476
<b>STEF</b>		7.729.252
<b>Sítón</b>		774.275
<b>Samtals</b>		<b>125.224.000</b>

#### 3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðsla vegna Stjórnarráðssamningsins fyrir árið 2023 barst ekki fyrir en í maí 2024 og nam 11.500.000. Úthlutun fór fram fyrir hluta árs 2024.

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttahafar</b>		1.079.333
<b>FÍBÚT</b>	29	2.621.794
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	18	1.627.320
<b>Hagþenkir</b>	39	3.525.860
<b>Myndstef</b>	11	994.473
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	2	180.813
<b>STEF</b>	1	90.407

<b>Samtals</b>	<b>100</b>	<b>10.120.000</b>
----------------	------------	-------------------

### 3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 911.766 kr. á árinu 2023 og var 802.352 kr. úthlutað eftir áramót og þar af 577.694 til innlendra réttihafa.

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		224.658
<b>FÍBÚT</b>	9,35	54.014
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	1	5.777
<b>Hagþenkir</b>	1	5.777
<b>Myndstef</b>	2	11.554
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	13	75.100
<b>STEF</b>	67,4	389.366
<b>Sítón</b>	6,25	36.106
<b>Samtals</b>	<b>100</b>	<b>802.352</b>

### 3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra á árinu 2023 námu 2.364.072 kr. og er úthlutun 88% eða kr. 2.080.384

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		582.507
<b>FÍBÚT</b>	9,35	140.051
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	1	14.979
<b>Hagþenkir</b>	1	14.979
<b>Myndstef</b>	1	14.979
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	22	329.533
<b>STEF</b>	59,4	889.739
<b>Sítón</b>	6,25	93.617
<b>Samtals</b>	<b>100</b>	<b>2.080.384</b>



### 3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Innheimtar voru á árinu 2023 12.662.170 kr. skv. rammamningi um stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga. Úthlutun til innlendra réttihafa eftir áramót nam 10.144.655 kr.

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		
<b>FÍBÚT</b>	29	2.933.250
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	18	1.820.638
<b>Hagþenkir</b>	39	3.944.715
<b>Myndstef</b>	11	1.112.612
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	2	202.293
<b>STEF</b>	1	101.147
<b>Samtals</b>	100	<b>10.114.655</b>

### 3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 1.604.525 kr. á árinu 2023. Greiðslan skiptist skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Aðallega er um að ræða afritun í skólum. Fjölis tekur ekki umsýslugjald vegna innheimtu þessarra tekna heldur renna þær óskertar til aðildarfélaga. Útreikningi og úthlutun var frestað til að greina mögulega einstaklingsbundna úthlutun áður en greiðslur fara til aðildarfélaga. Greiðslum þessum er því úthlutað 2024.

### 3.7 HEILDARÚTHLUTUN VEGNA SAMNINGA ÁRSINS 2023

Heildarúthlutun Fjölis á innheimtum tekjum ársins 2023 nam 151.791.192 kr. eða tæplega 88% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 127.419.397 kr. eða tæplega 85% af heildarúthlutun. Tæp 15% af tekjum Fjölis runnu til erlendra réttihafa skv. samningum þar um eða alls kr. 24.371.795. Heildarúthlutun skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttihafa og aðildarfélaga:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
<b>VG WORT, DE</b>	1.272.478	1.110.880
<b>CopyDan, DA</b>	1.773.061	1.583.259
<b>Bonus Copyright Access, SE</b>	3.172.151	2.808.333
<b>Copyright Licensing Agency, UK</b>	8.747.123	7.708.223
<b>Copyright Clearance Center, USA</b>	9.406.982	7.775.723
<b>Kopinor</b>	1.581.451	1.418.997
<b>FÍBÚT</b>	28.382.266	27.380.091
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	5.634.574	6.449.803

<b>Hagbenkir</b>	42.824.810	41.221.742
<b>Myndstef</b>	26.224.403	23.679.343
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	11.970.476	10.925.887
<b>STEF</b>	9.822.958	8.883.839
<b>Sítón</b>	978.459	876.275
<b>Samtals</b>	<b>151.791.192</b>	<b>141.822.395</b>

## 4 SAMNINGAMÁL

Ekki kom til synjunar á árinu á beiðni um leyfisveitingu sbr. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga.

### 4.1 MENNTA- OG BARNNA MÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur við ráðuneytið sem tekur til alls menntastarfs í landinu var endurnýjaður 2022, til þriggja ára, en hann átti því að koma til endurnýjunar á árinu 2021 þannig að hann gildir fyrir árin 2022-2024. Óskað hefur verið eftir endurnýjun aftur og til þriggja ára, fyrir árin 2025 til 2027 en fyrir liggur að greiðslur þessar eru hluti fjármálaáætlunar næstu ára. Endurnýjun samningsins er í farvegi og óskað hefur verið eftir viðræðum við Mennta- og barnamálaráðuneytið í samræmi við það og er þess vænst að þær fari fram með haustinu. Fyrir liggur að samningurinn fór á milli ráðuneyta við uppstokkun ráðuneyta við myndun síðustu ríkisstjórnar og vinna við endurnýjun mun litast af því að nýjir aðilar koma nú að málefnum Fjölís þegar kemur að endurnýjun samningsins.

### 4.2 KÓRAR

Samningar við kóra og landssambönd þeirra endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og eiga að uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar. Fyrir liggur að kórar hafa kvartað undan of háum greiðslum sem koma þarf til skoðunar á þessu starfsári.

### 4.3 KIRKJURÁÐ

Samningur við Kirkjuráð endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og á að uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

### 4.4 SVEITARFÉLÖG

Samningar við sveitarfélög endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og eiga að uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

### 4.5 STJÓRNARRÁÐIÐ

Samningur við Stjórnarráðið var endurnýjaður 2023, afturvirkur um ár en til tveggja ára og stendur því yfir endurskoðun á honum fyrir árin 2024-2026. Mat á honum skv. samtölum við tengiliði Stjórnarráðsins stendur fyrir dyrum og lagðar hafa verið skyldur á Fjölís að árangursmeta samninginn með tilliti til kynjasjónarmiða. Sú vinna stendur yfir en óskað hefur verið eftir

viðræðum við Fjármálaráðuneytið um endurnýjun samningsins sem vænst er að hefjist með haustinu.

## 5 ERLENT SAMSTARF

### 5.1 NORRÆNN STÓRFUNDUR

Norrænu systursamtök Fjölís hafa haldið sameiginlegan fund árlega. Vegna uppsagnar framkvæmdastjóra og þess að áhersla í starfi Fjölís beindist að því að halda utan um aðalfund IFRRO auk þess að halda uppi almennri starfsemi vegna innheimtu teikna leiddi til þess að fundurinn sem haldinn var í Fnnlandi var ekki sóttur á árinu 2023. Með sama hætti féll þátttaka niður á árinu 2024 þar sem formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund í Valencia í maí 2024, nokkrum dögum fyrir norræna fundinn sem haldinn var í Kaupmannahöfn í júní 2024. Miðað er við að fundurinn verði sóttur á árinu 2025 en jafnframt mun framkvæmdastjóri og eða formaður taka þátt í öðrum fundum sem og rafrænum fundum stjórnenda norrænu samtakanna efitr því sem ástæða er talin til.

### 5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður var á fundi IFRRO í Reykjavík 2023 og miðað er við að framkvæmdastjóri sækji næsta aðalfund IFRRO í Canada á árinu 2024. Þá er miðað við að fundir Evrópuhóps IFRRO verði sóttir eins og ástæða er talin til að teknu tilliti til mats á efni fundar hverju sinni.

## 6 VERKEFNI FRAMUNDAN


Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri Fjölís í samræmi við samþykkt stjórnar þar um. Framkvæmdastjóri, í hlutastarfi, sinnir reikningagerð og innheimtu gjalda og samskiptum við viðskiptavinum og viðsemjendur. Þá er fylgst með breytingum á löggjöf eftir þörfum, innlendum og erlendum fyrirspurnum svarað og þjónusta veitt aðildarfélögum og erlendum samningsaðilum varðandi upplýsingagjöf um málefni Fjölís. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sjá um viðræður við viðsemjendur um endurnýjun samninga.

Samstarf Norrænna systursamtaka er talsvert vegna sérstöðu þeirra í samanburði við sambærileg samtök í heiminum. Sú sérstaða er m.a. til komin vegna löggjafar sem inniheldur heimildir til samningskvaðaleyfa (e. ECL). Samstarf er einnig talsvert vegna innleiðingar á löggjöf Evrópusambandsins og samræmingar á ákvæðum norrænna höfundalaga.

Stefnt er að því að framkvæmdastjóri sækji aðalfund IFRRO í Kanada í nóvember. Þá mun framkvæmdastjóri sitja fund með starfsfólki Kopinor í Osló í ágúst þar sem til umfjöllunar verða atriði sem varða rekstur samtaka eins og Fjölís m.a. samningagerð, gerð kannana auk þess sem rætt verður um úthlutnarreglur vegna A-hluta samninga sem ekki gera eigin kannanir. Fundurinn er talinn nauðsynlegur til að auka skilning ný framkvæmdastjóra á rekstri systursamtaka Fjölís, innanlands sem utan. Fjölís úthlutar hluta af innheimtum tekjum til erlendra samtaka á grundvelli meðaltals úthlutnartalna frá systursamtökum á Norðurlöndunum. Þau viðmið hafa staðið óbreytt í nokkur ár og þurfa mögulega að endurskoðast.

Rekstur Fjölís hefur verið í mjög góðu horfi undanfarin ár þar sem innheimtar tekjur hafa stöðugt aukist á sama tíma og kostnaður við rekstur félagsins hefur verið lækkaður verulega á undanförunum árum.

Júlí 2024

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Halldór Þ. Birgisson', is centered on a light gray rectangular background.

Halldór Þ. Birgisson  
formaður